




ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

## Tölvuteiknun korta

Leiðbeiningar fyrir notendur  
(Sérverkefni í fiskeldi 1987)

Skúli Víkingsson

OS-87055/VOD-08 B      Desember 1987



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

Verknr. 977

## Tölvuteiknun korta


Leiðbeiningar fyrir notendur  
(Sérverkefni í fiskeldi 1987)

Skúli Víkingsson

OS-87055/VOD-08 B      Desember 1987

## EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 HIN ÝMSU KORT	4
3 HNITAKERFI	5
3.1 LAM: Lambert keiluvörpun	5
3.2 UTM: Universal Transverse Mercator	5
3.3 GAU: Gauss	5
4 HNITASKRÁR	6
4.1 Skýringar við einstök svið í hnitaskránni	6
5 HNITUN AF HNITABORÐI	7
5.1 Aðrar aðferðir við hnitud	9
6 TEIKNUN MEÐ FORRITINU JOKTEI	10
6.1 Stillingum breytt	12
6.2 Skýringar við aðalvalmynd	13
6.3 »Registrering«	14
6.4 Nokkur dæmi	14
7 ÝMIS FORRIT	16



*Mynd 1: AMS-kortin af Íslandi (mælikvarði 1/50000 með 20 m hæðarlínunum). Þau sem til eru á OS á filmu án nets og nafna eru merkt númeri. – S þyðir að hæðarlínugrunnur og ár og vötn eru ekki til á aðskildum filmum.*

## 1 INNGANGUR

Eins og getið er um í greinargerðinni: SV-87/01 1987-01-28 (Kortgrunnur vegna sérverkefna OS). er áætlað að skila niðurstöðum úr sérverkefnum OS á sviði vatnsöflunar vegna seiðaeldis á kortum í 1:50000.

Á Teiknistofu OS eru til pósítifar filmur af öllum AMS-kortunum frá 1948-9, þ. e. ein (svört) filma af hverju kortblaði, þar sem allt er með (hæðarlínur, ár og hnitanet). Þessar filmur eru misjafnar að gæðum og oftast óhæfar til útgáfu. Hnitanetið er of sterkt og nöfn skrifuð á ameríkska vísu. Einnig eru gögn s. s. vegir, bær o. fl. úrelt.

Af þessu sökum voru pantaðar hjá Landmælingum Íslands filmur af prentfilmum AMS-korta, – ein með því sem prentað var með brúnum lit (hæðarlínur o.fl.) og önnur fyrir bláa (ár, vötn o. fl.) litinn. Á meðfylgjandi korti eru þau kortblöð, sem til eru nú á þessu formi, merkt með númeri. Þau kortanna, sem eingöngu

eru til á samkópíeraðu formi eru merkt S. Nokkur kortblöð voru til fyrir af öðrum svæðum og eru þau tekin með á kortið.


Hér á eftir verður lýst hvernig hægt er að nota tölву til að hnita ýmsar upplýsingar af kortum og teikna þær síðan út í þeim mælikvarða sem notandinn velur sér eða (sem síður er mælt með) beint á kópiu af kortinu. Til þess að fella tölvuteiknuðu myndina að grunnkortinu þarf að teikna eitthvað inn á myndina sem er jafnframt á grunnum. Hornpunktar kortanna eru notaðir í þessu skyni ef AMS grunnur er notaður (sjá nánar 6.3 Registrering).

Forritin sem hér verður lýst heita: HNILES (hnitälestur) og JOKTEI (teiknun). Gert er ráð fyrir að VAX-tölvun sé notuð, en óvist er hvenær búið verður að koma þessum forritum upp á HP-tölvunni.


Með forritinu JOKTEI má m.a. teikna eftirfarandi:

- Merki (70 gerðir eins og er) (sjá mynd 13)
- Línum (heilar eða slitnar)
- Merkjálínur (þ.e. merki af uppgefinni gerð og stærð teiknað með jöfnu uppgefnu bili)
- Strik (4 gerðir, þ.e. einfalt strik og 3 gerðir örva)
- Hnitakrossa (hægt að velja bil og stærð)


Hægt er að merkja punkta (merki, línum o.s.frv.) með heiti. Form gagnaskráa er sýnt á mynd 5. Það sem sagt er í kafla 2 og 3 er ekki nema að litlu leyti bundið því að forritin HNILES og JOKTEI séu notuð.



*Mynd 2: Blaðskipting dönsku kortanna í mælikvarða 1:100000 (Atlasblöð) (GI01-GI13).*



*Mynd 3: Blaðskipting OS-kortanna í mælikvarða 1:20000*



*Mynd 4: Kort þau sem út eru komin í nýjum staðli (mælikvarða 1:25000).*

## 2 HIN ÝMSU KORT

Af landinu öllu eru í meginatriðum til tvær gerðir korta, þ.e. dönsku herforingjaráðskortin (seinni hluti þeirra gefin út af Geodætisk Institut) og amerísku herkortin (Army Map Service). Hægt er að hnita af þessum kortum öllum, en niðurstaðan verður ekki betri en mælinákvæmni kortanna.

Mikill hluti landsins er til á kortum Orkustofnunar (og í seinni tíð Landsvirkjunar, Vegagerðarinnar og jafnvæl fleiri stofnanna). Nákvæmust staðsetning næst ef hnitað er af þessum kortum. En vandi skapast ef flytja á slík gögn yfir á AMS-grunn. Þetta stafar af mismun í landmælingu.

Hnitakerfi í »gamlu« landsneti nota stjórnuathuganir í Reykjavík um aldamótin síðstu sem viðmiðun. Nýri kort, þar með kort Orkustofnunar, eru í »nýju« landsneti, sem er byggt á stjórnuathugunum í Hjörsey og víðar á sjötta áratugnum.

Gunnar Þorbergsson hefur gert á þessu ýtarlegan samanburð og með því að nota forrit hans: <VOD227> BOLGEO má flytja gögn úr »gamlu« (BOL) í »nýju« (GEO) kerfið (og <VOD227> GEOBOL til baka).

Til er skrá með hornpunktum allra AMS-kortanna umreknuðum í LAMbert-hnit (miðað við »nýju« landsnet). Hnitalestrarforritið HNILES les þessa skrá ef gefið er upp nafn á AMS-korti (t. d. 5819 II). Mælt er með því að nota þessa aðferð því að með henni sparast mikil vinna við að flyta gögn úr einu kerfi yfir í annað. Þótt AMS-kortin séu í annarri vörpun, UTM-vörpun, hefur það litla þýðingu fyrir þá

nákvæmni sem hér er á ferð. (Tilraun með að hnita UTM netpunktum og bera niðurstöðuna saman við uppgefið gildi, sýndi frávik frá <0.01 m (!) og upp í 50 m). – Ef þessi kostur er valinn getur lesandi sleppt því sem hér kemur á eftir, allt að kafla 4 (**HNITASKRÁR**).

### 3 HNITAKERFI

Mörg hnitakerfi eru í notkun hér á landi, en mælt er með því að nota LAMbert-hnit alls staðar. Helstu hnitakerfi sem notuð eru á Íslandi eru:

- LAM: Lambert keiluvörpun. (t. d. OS-kort)
- GEO: Bauganet. X-hnit eru °N en y-hnit eru °V
- UTM: Universal Transverse Mercator. (t. d. AMS-kort)
- GAU: GAUss. (t. d. nýi kortastaðallinn (1:25000))

Til að reikna milli hnitakerfa er keyrt eitthvert þessara forrita (öll eftir Gunnar Þorbergsson):

- <VOD227>LAMGEO (úr LAMbert-hnitum í bauganet)
- <VOD227>GEOLAM (úr bauganeti í LAMbert-hnit)
- <VOD227>UTMGEO (úr UTM-hnitum í bauganet)
- <VOD227>GEOUTM (úr bauganeti í UTM-hnit)
- <VOD227>GAUGEO (úr GAUss-hnitum í bauganet)
- <VOD227>GEOGAU (úr bauganeti í GAUss-hnit)

Eins og hér sést þarf t. d. að búa til milliskrá í bauganeti til þess að fara með skrá úr LAMbert-hnitum yfir í UTM, þ.e. fyrst LAMGEO og síðan GEOUTM.

#### 3.1 LAM: Lambert keiluvörpun

Punkturinn  $x = 500000$  m (metrar) og  $y = 500000$  m, er á  $65^{\circ}\text{N}$  og  $18^{\circ}\text{V}$  (þ.e. á Sprengisandi. Þaðan hækkar x til vesturs en y til norðurs. Landið er allt í sama kerfi (sbr. hins vegar UTM sem er í 3 beltum). Þetta hefur verið aðalhnitakerfi OS fram að þessu. OS-kortin í 1:20000 er í þessu kerfi. Blaðskipting þeirra er þannig að 10000 gengur upp í y-hnitum (til norðurs) og 16000 í x-hnitum (til vesturs). Gengið er út frá því að þetta kerfi sé notað ef ekki er annað tekið fram.

#### 3.2 UTM: Universal Transverse Mercator

AMS-kortin eru í UTM-vörpun, (en hún hefur verið kölluð »þverstæð hólkvörpun« á íslensku). Blaðskipting kortanna er hins vegar eftir bauganeti, þ.e.  $1/2$  gráða á lengd og  $1/6$  úr gráðu á breidd. Á prentuðum eintökum af þeim og á gömlum kópfum sem til eru á Teiknistofu OS, er UTM-netið sýnt. Af ýmsum ástæðum er oft æskilegt að því sé sleppt í útgáfu.

Landið skiptist niður á 3 belti, talin frá vestri: 26 ( $24^{\circ}\text{V}-30^{\circ}\text{V}$ ), 27 ( $18^{\circ}\text{V}-24^{\circ}\text{V}$ ) og 28 ( $12^{\circ}\text{V}-18^{\circ}\text{V}$ ). Mestur hluti þess er á belti 27. Eftir miðju belti 27 (þ.e.  $21^{\circ}\text{V}$ ) er  $y = 7500000$ . X fer hækkandi til norðurs (metrar frá miðbaug), en y til austurs. Á sama hátt liggur  $y = 8500000$  eftir  $15^{\circ}\text{V}$ . á belti 28. Vestasti hluti Vestfjarða er vestan við  $24^{\circ}\text{V}$  og tilheyrir því belti 26. x-hnit hér á landi eru frá 7100000 til 7400000. Eins og sjá má af þessu er manni vandi á höndum sem ætlar að teikna gögn af tveimur beltum á sömu mynd, því að hverju belti tilheyrir sitt hnitakerfi og sambandið milli þeirra fæst ekki nema með reikningum á borð við þá sem forritin UTMGEO, GEOUTM o. s. frv. framkvæma.

#### 3.3 GAU: Gauss

Nú hefur verið ákveðið að ekki verði gerð fleiri kort í mælikvarða 1:20000 heldur breytt yfir í 1:25000 og þau kort gerð í nýja kortstaðlinum, sem notar GAUss-vörpun. Sú vörpun er í meginatriðum eins og UTM, nema hvað beltin eru fleiri (ná yfir 3 lengdargráður í stað 6). Í þeim GAU-beltum, sem nota sömu snertibauga ( $21^{\circ}\text{V}$  og  $15^{\circ}\text{V}$ ) og UTM-beltin, er vart sjónarmunur á austur-vestur hnitum, en munar um 3 km á norður-suður hnitum í kerfunum tveimur (hlutföll milli mælikvarða í hnitakerfunum tveimur er 0.9996). Í öðrum GAU-beltum er ekkert einfalt samband milli GAU- og UTM-hnitanna.

## 4 HNITASKRÁR

1	2	3	4	5	6	7
123456789012345678901234567890123456789012345678901234567890123456789012						
AAAAAAfffffffFFFFFFFFFFFFFfffffAAAAAAAxFFFFFattttttttt ...						
528989.50750	320088.15250	0.000000	1			
71	550854.67	410291.35	509.67	9	45.	Dæmi úr skrá fyrir línum Lind (merki nr. 71)
80	551593.05	410402.87	518.95	VG 11		Borhola (merki nr. 80)
	518995.25	508843.32	724.93	GS325A		Sprengisnið
	518910.53	508800.83	724.89	GS325B		- - seinni punktur
	571760.47	454294.42	540.00	86011	300. Yngra og ...	Dæmi úr jökulrákaskrá
	571760.47	454294.42	540.00	86011	4. Eldri st...	Dæmi úr jökulrákaskrá
AAAAAAfffffffFFFFFFFFFFFFFfffffAAAAAAAxFFFFFattttttttt ...						
123456789012345678901234567890123456789012345678901234567890123456789012						
1	2	3	4	5	6	7
X-hnit	Y-hnit	Hæð	Punktnafn	Horn		svið (heiti)
12 3	4	5	6	7	8 9 10 11	svið (númer)

Mynd 5: Form gagnaskráa. Það sem er ofan við er fórum við ófá til að fá ekki hluti gagnaskrár.

Gengið er út frá formi því sem Landmælingar OS hafa notað,<sup>1</sup> á þann hátt að forrit á borð við LAMGEO geti meðhöndlað skrárnar án mikils umstangs. Form hnitaskráa er í meginatriðum eins fyrir allar gerðir gagna en þó er sumt sem á við eina gerð gagna eingöngu. Á mynd 5 er sýnd uppsetning á þessum skram. Efst og neðst eru talnaraðir til að auðvelda talningu dálka. Síðan kemur lína með bókstöfum, sem afmarka sviðin á eftifarandi hátt:

F (eða f): Eingöngu fyrir tölur. Önnur tákna valda villu. Línu er þá yfirleitt sleppt.

A (eða a): Texti sem forrit les í sumum tilfellum

x : Eyða

t : Texti sem forritið JOKTEI les ef beðið er um að nota hann eða hluta hans sem »punktnafn«

### 4.1 Skýringar við einstök svið í hnítaskránni

Í skýringunum hér að neðan er svið númeruð 1-11. Í sviganum aftan við númerið er fyrst

1. Ýmis forrit Landmælinga OS lesa skrá af þessu tagi, þar sem lýsing á atriðum 1, 2 og 4-7 er í góðu gildi, nema hvað tölur eða eyður verða að vera í setum 1-5. Þá má einnig hafa kommur milli talnareita, en atriði 1,2 og 3 eru lesin sem ein tala.

bókstafur sem vísar til skýringanna hér að ofan, síðan er fjöldi stafa í sviði og aftast er númer fyrsta stafs og síðasta stafs í sviði.

- (A 1 1-1). Línu sem byrjar á 9 er sleppt í öllum forritum. T. d. notað til að slíta sundur línu í JOKTEI.
- (A 2 2-2). Afstaða texta þegar punktnafn er teiknað við punktinn.

3 2 1  
4 \* 0 8  
5 6 7

þ.e. sé 4 hér er punktnafn teiknað vinstra megin í átt að punkti. Sjálfgefið er 0. Orðabil eru hreinsuð framan og aftan af punktnafni. Ef sleppa á nafni punkts innan úr skrá er haft 9 hér.

- (A 3 3-5). Númer merkis. Á eingöngu við ef Merki hefur verið valið í JOKTEI.

Ef hér standur prenthæft ASCII-tákn í staðinn fyrir númer er það gert að merki og teiknað miðlægt í stærðinni hæð\_merkis × √/2. Þannig að teikna má t. d. R með hring utan um með því að tvítaka hnítaskrárlínuna, með R á þessum stað í annari línunni og 20 (númer fyrir hring) í hinni. Eða setja □ utan um með merki nr. 0 í staðinn fyrir 20. Með númeri merkis á bilinu 900-999 er hægt að búa til eigin merki.

- (F 13 6-18). X-hnit. X og Y hnit eru einu sviðin sem alltaf þurfa að koma með. Þau eru oftast fengin frá hnítaborði, en geta allt eins verið komin úr mælingu, frá forriti eða einfaldlega vélrituð inn í skrána.

5. (F 13 19-31). Y-hnit.
6. (F 9 32-40). Z-hnit þ.e. hæð. Er ekki lesin í þeim forritum sem hér eru til umræðu, nema hægt er að nota hæð > 9000 m (í staðinn fyrir línu sem byrjar á 9) til þess að slíta sundur línu í JOKTEI. Hægt er að slá hæð inn frá hundinum á hnitarðinu, eða frá lyklaborði meðan hnitað er (sjá kafla 5).
7. (A 11 41-51). Punktnafn allt að 11 stafir. Ef skráin er yfir punktapör (*strik, reiti, kembur, drumlin* eða *sprengisnið*, sjá mynd 12) er haft A og B síðast í punktnafni í fyrri og seinni enda striksins. (Sjá mynd 5 *sprengisnið*).
8. (X 1 52-52). Eyða í 52. sæti (hér nota Landmælingar OS mismunandi tákna fyrir mismunandi hnitarkefni eða eyðu).
9. (F 5 53-57). Stefna í gráðum. Fyrir merki og jökulrákir með JOKTEI. Efri endinn snýr í norður ef stefna er 0 (0°), en í austur ef stefnan er 90 (90°) o.s. frv. allt að 360 o.s. frv.
10. (A 1 58-58). Texti sem hefur þýðingu fyrir *jökulrákir*.
11. (t 142 59-200). Texti í sæti 59 og þar fyrir aftan í línu er að jafnaði sleppt. Nýta má þetta pláss fyrir viðbótarupplýsingar. JOKTEI getur teiknað út þennan texta eða hluta hans sem »punktnafn«, með því að breyta stillinu fyrir »Svið punktnafns í gagnaskrálínus«.

## 5. HNITUN AF HNITABORDI

Hér á eftir verður lýst hnitud af hnitarði með forritinu *<VOD225.EXE>HNILES*. Gert er ráð fyrir að notuð séu LAMbert-hnit, þótt UTM og GAUss séu ekki útilokuð. Texti frá forriti er táknaður með *skáletri* eða römmum, en svör notanda með feitu letri.

– Ath. að komið hefur í ljós að 7 bita skjár við hnitarð þarf að vera stilltur á 7 bita.<sup>2</sup> Ef hann slysast til að vera stilltur á 8 bita, er allt eðlilegt að sjá, en undir hælinn er lagt hvað berst

2. \$ SET TERM/NOEIGTB/T/NOEDIT

tölvunni frá hnitarðinu. Ekki hesur verið kannað nánar af hverju þetta stafar, en til að komast hjá vandræðum af þessum sökum er tryggast að stilla skjáinn í upphafi á 7 bita.

### \$ RUN <VOD225.EXE>HNILES

Forritið spyr fyrst um kortið.

<i>OS-kort</i>	- 1:20000 t. d.:	3456
–"	- 1:5000 t. d.:	3456-12
–"	- 1:2000 t. d.:	3456-012
<i>Dönsk kort</i>	- 1:250000 t. d.:	GI6
–"	- 1:100000 t. d.:	GI57
–"	- 1:50000 t. d.:	GI57SV

eða annað (*Skrámafni eða <RET>*) :

GI6 er Geol. Inst. kort nr. 6, Miðsuðurland. GI57 á við Atlasblað nr. 57 (Hekla). Auk þess sem upp er talið má gefa upp nafn á AMS-korti. Þá er nafn þess gefið upp hér, t. d.: »5819 II«.

Gáð er að því hvort punktur kemur fyrir í svarinu (dæmi: *AMS\_KORT.UTM*), – ef svo er, er leitad að skrá með uppgefnu nafni, – ef ekki er gáð hvort skástrið (/) kemur fyrir í nafninu (dæmi: 1814/II NA), – ef svo er, er opnuð skrá sem geymir LAMbert-hnit nýju 1:25000 kortanna og leitad að uppgefnu kortnafni – ef hvorki er .né / í svarinu leitar forritið í skrá, sem geymir leiðrétt LAMbert-hnit hornpunktia AMS-kortanna (líka þeirra óreglulegu), en gæta verður þess að nafn kortsins séritað nákvæmlega (með einu bili milli tölustafa og rómversku tölunnar, sem er rituð hástöfum).

Næst segir forritið:

### *Hnitaðu: NORÐVESTUR-, SUÐVESTUR- og SUÐAUSTUR-punkta kortsins*

Farið er með hundinn í punktana á kortinu og hnitað með því að styðja á hnitudartakkann (efst á hundinum, næst krossinum). Þegar síðasti punktur hefur verið hnitaður gefur forritið upp mælikvarða kortsins miðað við p1-p2 (þ.e. miðað við 1. og 2. punkt sem nefndir voru og hnitaðir síðan) og p2-p3. Ef villa hefur slæðst inn í annað hvort innslátt eða hnitud er líklegt að það sjáist hér.

Ef uppgefið kortnafn finnst ekki eða svarað er með <RET> segir forritið:

*Gefu hnít 3 punkta á vinkli fyrst ENDAPUNKTS, síðan HÖRNS og loks hins ENDAPUNKTSINS (eða ctrl-z = bordhnit)*

Það gæti litið svona út (dæmi UTM-hnit af blaðinu 5724 III Sauðárkrúkur)

7301000,7546000  
7284000,7546000  
7284000,7641000

Pá segir forritið: "Hnitaðu" punktana í sömu röð

Síðan er framhaldið eins og áðan var lýst.

Næst spyr forritið um Útskrá: . Sjálfgefið skrárnafn er FOR004.DAT. Eðlilegast er að notendur gefi skrám sínum nöfn, sem þeir skilja eitthvað gagnlegt út úr. Ef skrá með uppgefnu nafni er til á vinnusvæði notandans, er bætt aftan við hana.

*Númer fyrsta punkts (<RET> = 1):*. Sjálfgefið er 1, þegar komið er að þessari spurningu í fyrsta sinn, jafnvel þótt verið sé að bæta við skrá sem fyrir er. Þegar bætt er aftan við skrá er heppilegast að velja hærra númer en síðasta punkts í skránni. Það auðveldar villuleit síðar. Númer punkta hækka síðan ótrufluð, þangað til keyrslu er lokið eða númerið endurstilt hérla.

- |   |                         |
|---|-------------------------|
| 1 | Sjálfhækkandi númer     |
| 2 | Punktnafn að eigin vali |
| 3 | Örnefni (frá skjá)      |
| 4 | Örnefni (úr skrá)       |

- Sjálfhækkandi númer:** Punktnafnið (svið 7 á mynd 5) verður tala sem hækkar frá uppgefnu gildi (spurt um það gildi annars staðar: *Númer fyrsta punkts*). Þetta er heppilegt að velja við hnitun á alls kyns línum.
- Punktnafn að eigin vali:** Þetta er notað ef allir eða flestir punktar hafa eitthvert nafn eða annað auðkenni, sem á að fylgja þeim. Forritið biður um punktnafn frá skjá (*Punktnafn*: ). Ef þá er svarað með <RET> er númer punktsins notað sem nafn.
- Örnefni (frá skjá):** Spurt er um örnefni, síðan er beðið um að staðurinn sjálfur sé hnitaður og síðan nafnið fremst og aftast. Forritið reiknar úr stefnu og astöðu nafns og bætir inn í hnitaskrána, kemur örnefninu fyrir í skránni þar sem óskað er, en býr »punktnafnið« (stafur 41 til 51) til úr örnefninu og númeri punktsins.
- Örnefni (úr skrá):** Eins og *Örnefni frá skjá*, nema örnefni eru lesin úr skrá (sem spurt er um). Hægt er að ráða því hvaða línbútur skal verða örnefnið.

- |   |                                |
|---|--------------------------------|
| 1 | Hæð gefin hverju sinni         |
| 2 | Síðast gefin hæð helzt         |
| 3 | Sjálfvirk hæðarbreyting (snið) |

• **Hæð gefin hverju sinni:** Hæð er slegin inn frá hundi áður en viðkomandi punktur er hnitaður. Notuð er \* fyrir decimal punkt, en # til að byrja hæðarinnslátt að nýju. Ef engin tala er gefin upp er hæð sett á 0.0. Hæð má líka gefa frá lyklaborði, áður en punktur er hnitaður.

• **Síðast gefin hæð helzt:** Skýrir sig sjálft. Ný hæð er slegin inn eins og áður.

• **Sjálfvirk hæðarbreyting (snið):** Notað þegar hnita skal inn snið af kortum t. d. landhæð. Þetta er líka hentug aðferð við hnitun á línum, því að takkinn 9 á hundinum sendir »slitpunkt« inn í skrána. Þá spyr forritið:

**Hæðarbil í m (<RET> = 0.0000E + 0m):** 20

**Byrjunarhæð:** 0.0000000000000000E + 00 m. Við þá tölu bætast síðan: 20.000000 m í hvert skipti sem ýtt er á hnitunartakkann.

Þegar hæð á að fara lækkandi er ýtt á 3 á hundinum en á 1 ef aftur á að fara upp.

Takkinn 2 á hundinum er notaður til að taka fimmstu hverja hæðarlínu, en 5 til að þéttu bilið um helming.

Takkinn 9 á hundinum er notaður til að setja »slitpunkt« inn í skrá.

Til að setja inn nýja byrjunarhæð er hún sleginn inn frá lyklaborði.

Þarna virka tölumerktu takkarnir á hundinum þannig að forritið sendir strax línu í gagnaskrána. Þessi aðferð er einkum ætluð fyrir snið. Þá er ýtt á hnitunartakkann við hverja hæðarlínu og eitt hæðarbil bætist við hæðina. Þegar ýtt er á 3 á hundinum er ein lína send inn í gangaskrá með sömu hæð og síðast (sama hæðarlína hinum megin við hólinn) og síðan lækkar hæðin um eitt hæðarbil í hvert sinn sem ýtt er á hnitunartakkann þangað til ýtt er á 1 á hundinum, að sama hæð kemur í þann punkt en síðan fer hæðin aftur vaxandi. Hæðarbilið helzt þótt ýtt sé á 2 (fimmsalt hæðarbil) eða 5 (hálfst hæðarbil), þannig að t. d. má bæta inn punkti á 10 m hæðarlínu ef bilið er 20 m með því að ýta á 5 og síðan aftur á 5 við næstu 20 m línu, þá bætast (eða dragast frá) 10 m við hæðina í hvort skipti.

Þetta er líka fljóttleg aðferð við að hnita línum með »slitpunktum«, og ráðlegt að nota hana ef hnita á margar aðskildar línum. Þá er hæðarbil gefið upp sem 0.0 (þ.e. <RET>) og línan hnituð með því að ýta á hnitunartakkann við upphaf línu og síðan svo víða á henni sem þurfa þykir og að síðustu á

enda hennar. Síðan er ýtt á 9 á hundinum til þess að gefa til kynna að lína sé komin á enda. Þá má hætta eða hnita nýja línu með því að fara í enda hennar og hnita eins og áður. Punktur sá sem hnitaður er með níunni fær hæðina 9999. m og það gefur teikniforritinu JOKTEI til kynna að línunni sé lokið. Hnit þessa punkts skipta ekki máli, en heppilegt er að færa »hund« út fyrir kortblað þegar lína er slitin. Það auðveldar villuleit, ef eitthvað fer úrskeiðis.

Þegar búið er að hnita, er sent ^Z (control z).  
Þá spryr forritið:

1	Meira í sömu skrá
2	Í aðra skrá
3	Hnita af öðru korti
4	Hætta (ctrl-z)

- *Meira í sömu skrá.* Til þess að breyta einhverjum stillingum, án þess að þurfa að stilla kortið af aftur.
- *Í aðra skrá.* Útskrá lokað og ný opnuð en kortblað óbreytt.
- *Hnita af öðru korti.* Farið aftur í val á korti.
- *Hætta (ctrl-z).* þ. e. sama hvort valið er 4 eða ^Z til að hætta.

## 5.1 Aðrar aðferðir við hnitud

Ýmsar aðferðir eru notaðar við hnitud, en hér skal aðeins nefnd ein þeirra. (Höfundur Gunnar Þorbergsson). Þá eru hniti þekktra punkta höfð í sérstakri skrá (skrá B). Síðan er búin til hnitudskrá (skrá A) með hnitudum af hnitarborðinu (t. d. með HNILES stillt á *borðhnit*) og byrjað á þekktu punktunum. Þeir komi í sömu röð og með sama nafni og í skrá B. Síðan er keyrt forritið <VOD227>LINTRA. Það reiknar alla punkta sem eru í skrá A með bestu línulegu vörpun miðað við þekktu punktana.

## 6 TEIKNUN MEÐ FORRITINU JOKTEI

Stillingar	Kvarði: 1/ 50000.00	Hæð stafa: 0.200 cm
Lágmarksbil: 0.0000E+0 m	Bil (merkjalfna): 0.300 cm	Hæð merkis: 0.300 cm
Punktnöfn (041:051) EKKI skráð	Núllpunktur: 0.0000E+0, 0.0000E+0 cm	
Mörk fyrir X: -9.000000E+15, 9.000000E+15	Merki nr.: 00	
Mörk fyrir Y: -9.000000E+15, 9.000000E+15	Horn: 0.00	
Lesið: X=	Y=	

*Mynd 6: Gluggi með upplýsingum um helztu stillingar JOKTEI-forritsins. Þessi gluggi helzt efst á skjánum meðan forrit er í gangi, en innihaldin breytist efir hví sem við á.*

Hér á eftir verður lýst teiknun korta með forritinu JOKTEI. Fyrst er farið nokkurn veginn beint af augum í gegnum forritið en síðan eru nánari skýringar á hverjum lið (ath. tilvísunarnúmerin {}). Texti frá forriti er táknaður með skáletri en svör notanda með feitu letri. Gert er ráð fyrir að notandi sé staddur við stóra HP-teiknarann (»strauvélina«).

### \$ RUN <VOD225.EXE> JOKTEI

[Fyrst er spurt um teiknara. Ef hann hefur ekki verið skilgreindur áður lítur það svona út:]

1	Punktar
2	Merki
3	Línur
4	Jökulrákir
5	Hnitakrossar
6	Reitir
7	Strik
8	Kembur
9	Drumlin
10	Sprengisnið
11	Merkjálína
12	Kvarði, rammi o.p.h.
13	Breyta stillingum

#### Teiknari :

2: PL_HP	! HP 7475
3: PL_HP7475	! HP 7475
4: PL_HP7585	! HP 7585
5: PL_TEX	! Tektronix 4663
6: PL_VIS	! Visual 550 skjar JHD
7: PL_VIS1	! Visual 550 skjar VOD
8: annað	!

Veldu númer: 4 {1}

Teiknari valinn: PL\_HP7585

Viltu teikningu á auðu blað <RET> eða á kort :<RET> {2}

Kortmælikvarði (<RET>=1/ 50000.00 ) 1/<RET> {3}

Núllpunktur (x,y í cm) <RET> = 0.0, 0.0 :<RET> {4}

[GLUGGI birtist efst á skjánum með ýmsum upplýsingum (sjá mynd 6), og aðalvalmynd hægra megin, en hún lítur svona út:]

Veldu númer eða: Hætta alveg = <CTRL>Z : 3 {5}

Gagnaskrá(r) : SKRLAM {6}

Gagnaskrá(r) : <RET> {7}

Veldu númer eða: Teikna = <RET>,  
hætta við = <CTRL>Z :<RET> {8}

Max X reyndist vera: 591934.8

Min Y reyndist vera: 576484.7

Gefðu upp hnitt SUÐVESTURPUNKTS

X-hnit tvíð stærra en max X, og Y-hnit tvíð minna en min Y  
(<RET> = 592500.0, 576000.0)(X,Y): <RET> {9}

Hnit SUÐVESTURPUNKTS (X,Y) : 592500.0, 576000.0

Efri, neðri mörk fyrir X  
(<RET> = -9.0000E+15, 592500.0): 560000. {10}

Efri, neðri mörk fyrir Y  
(<RET> = 576000.0, 9.0000E+15): <RET>

[Myndin teiknuð. Síðan birtist aðalvalmynd og spurningin:]

Veldu númer eða: hætta alveg = <CTRL>Z :<RET> {11}

{1}: Fyrst er valinn teiknari. Hér hefur stóri HP-teiknarinn verið valinn.

Ef nota skal PC sem teikniskjá, er notaður skjáhermirinn LINE (höfundur Einar Kjartansson).

Tvað skipanir eru gefnar áður en JOKTEI er keyrt:

§ DEF PL\_VIS DMP.DMP

§ SET TERMINAL/NOWRAP

Síðan er JOKTEI keyrt og teiknari nr. 6 valinn. Teikningin safnast þá inn í skrá með uppgefnu nafni (hér: DMP.DMP). Þegar JOKTEI hefur lokið sér af er myndin kölluð fram á skjáinn með

§ TYPE DMP.DMP

Að þessu loknu þarf að gefa LINE-skipunina »Leave graphic screen«.

- {2}: Sjálfgefið er að teikna á autt blað. Ef svarað er játandi (þ.e. eithvað annað en <RET>) er gert ráð fyrir því að teikna eigi á »kort«, þ.e. kópiú af einhverju korti. Þá er spurt um kort (OS-kort, dönsk kort) eins og í HNILES og sú lýsing gildir, nema að í stað þess að þar voru viðmiðunarpunktarnir hnitaðir með hundinum á hinitaborðinu, er hér farið með penna teiknitækisins á hvern punktinn af öðrum og þeir merktir eins og forritið biður um. Ef þessi leið er valin er ekki spurt um kvarða (eðli máls samkvæmt) en í glugganum er birtur kvarðinn sem forritið reiknar út (sbr. HNILES).
- {3}: Sjálfgefinn mælikvarði valinn (1/50000), annars er nefnarinn gefinn upp. Ath. að hér er að sjálfsögðu hægt að gefa upp afbrigðilegan mælikvarða til að hæfa afbrigðilegum kortgrunni.
- {4}: Í dæminu er núllpunktí ekki breytt en hægt er að flytja myndina inn á teiknitækið með því að gefa þarna upp flutninginn í cm. T. d. myndi svarið: 2,5 gefa 2 cm spássíu vinstra megin á blaðið og 5 cm að neðanverðu.
- {5}: Í þessu dæmi er valið að teikna *linur* (3). Sjá skýringar við aðalvalmynd (6.2).
- {6}: Þegar »Gagnaskrá(r)«: « birtist á skjánum má svara með einföldu nafni innskrár, t. d. »SKR.LAM« (eins og í dæminu) og teikna hana. Einnig má velja gögn úr mórgum skrám og hlaða þeim inn í teikniskrána.
- Ef \* eða % kemur fyrir í svarinu býr forritið til lista yfir skrárnar.<sup>3</sup> Þessi listi er síðan lesinn og skrárnar, sem nefndar eru í honum, lesnar hver af annarri. Á skjánum er birt nafn hvarrar skrár sem lesin er. Jafnframt er lágmarks- og hámarksgildi fyrir x og y birt í glugganum.
- Ef listinn er til í skrá, má gefa það til kynna með > framan við skrárnafnið, þ.e. svona: *Gagnaskrá(r)*: >NAFN
- Ef notandi er ekki alveg viss hvað skrárnar heita, má setja ? framan við skrárnafnið (t. d. *Gagnaskrá(r)*: ?\*.LAM). Þá er skráalistinn (DIR-listinn) birtur á skjánum og síðan aftur *Gagnaskrá(r)*:
- {7}: Spurt er um fleiri gagnaskrár þangað til svarað er með <RET>.
- {8}: Hér er hægt að gefa eithvað annað upp úr aðalvalmynd (punkta, merki o. s. frv.), áður en farið er að teikna. Forritið les punktana og safnar þeim inn í sérstakar skrár (JOKTEISTR.DMP, JOKTEILIN.DMP og JOKTEIPKT.DMP), sem er eytt að keyrslu lokinni. Ef diskarými, sem til umráða er, fyllist, hrynnur forritið. Þá þarf að eyða skránum JOKTEISTR.DMP o. s. frv. áður en forritið er keyrt að nýju.<sup>4</sup> Eins er æskilegt að þeim sé eytt ef þær slysast til að verða estir á disk.
- {9}: Þegar þetta er búið er spurt um hnit »suðvesturpunkts«, eða réttara sagt Hámarks x og lágmarks y, sem er í suðvestri miðað við Lambert-hnit (en í norðvestri miðað við UTM-hnit). Í þessu dæmi hefur forritið verið látið sjá um að velja þennan punkt. Það gerir það út frá gögnunum, sem lesin hafa verið, og þeim mælikvarða sem í gildi er. Hafi notandinn skoðun á því hvar »suðvesturpunktur« eigi að ligga, kemur hann henni á framfæri hér. Dæmi: Á mynd 1 hér að framan var gefið upp 820000, 300000 – Þegar þessu er lokið þekkir forritið sambandið milli hnita á landi og hnita teiknitækisins. (Þessu má svo breyta eins og flestu öðru með því að velja »13 Breyta stillingum«.).
- {10}: Næst er spurt um hámark og lágmark fyrir x og y. Þessi gildi ákveða þann ramma (í hnitudum á landi) sem teikning skal ná yfir, þ.e. ef ekki á að teikna allt sem í skránum er. Ef verið er að teikna á skjá eða á autt blað (þ.e. ekki á »kort«), ákveður suðvesturpunktur sjálfgefnu gildin fyrir hámarks x og lágmarks y. Ef svarað er með <RET> fyrir x er ekki spurt um y. Þótt rammi sé ekki takmarkaður í upphafi, getur vilji verið fyrir því að

---

3. \$ DIRECTORY /NOHEADER /NOTRAIL  
/OUTPUT=DATA\_DIR.DMP

---

4. \$ DELETE JOKTEI%%%.DMP;\*

takmarka teikningu við einhvern tiltekinn reit seinna. Mörk má þá setja með því að breyta stillingum.

- {11}: Nú er teiknað þangað til lesin gögn eru tæmd. Valmynd birtist aftur og hægt er að teikna meira eða hætta alveg.

Athugaðu munin á eftirfarandi:

- **Núllpunktur:** Mynd flutt inn á blaðið í cm frá neðra blaðhorni t.h. og upp. Þetta er alveg óháð gögnunum, sem teikna skal. T. d. 2,2 færir myndina 2 cm inn til hægri og 2 cm upp.
- **Suðvesturpunktur:** Samband hnita í gagnaskrá (landhnita) og hnita teiknitækis ákveðin. Þ.e. Núllpunktí eru gefin ákveðin landhnit.
- **Mörk fyrir x og y:** Mörk þess svæðis sem teikna skal eru ákveðin í landhnitum.

Það getur komið sér vel að skrifa hjá sér þessi gildi t. d. ef bæta þarf inn á blaðið.

## 6.1 Stillingum breytt

Í glugganum efst á skjánum (sjá mynd 6) eru ýmsar upplýsingar, m. a. um gildandi stærðir á ýmsu. Flestum þessara stærða má breyta með því að velja »13 Breyta stillingum« (sjá aðalvalmynd hér á undan). Þá birtist valmynd

Viltu breyta:

- 0 ÖLLU
- 1 Númeri merkis
- 2 Hæð merkis
- 3 Lágmarksbili milli mælipunkta
- 4 Halla merkis og texta (Horn)
- 5 Mörkum fyrir X og/eða Y
- 6 Punktnafn (041:051) EKKI skráð
- 7 Kvarða og/eða legu myndar
- 8 Línugerð (0)
- 9 Hæð stafa
- 10 Afstöðu texta
- 11 Bil (merkjálína)
- 12 Sviði punktnafns í gagnaskrárlínu

<RET> = ENGU

- 0 **ÖLLU.** Spurt er um hvert atriði í skránni
- 1 **Númeri merkis.** Sjálfgefið númer er 0 (þ.e. feringur), en ef því er breytt hér helzt það þangað til því er breytt aftur á sama hátt, eða númer merkis er gefið upp í skrá (sbr lið 3 í kaflanum um hnitaskrár hér að framan).

- 2 **Hæð merkis.** Þvermál merkis er sjálfgefið 0.2 cm. Þessu er ekki hægt að breyta með öðru móti. (Gefið upp í cm).
- 3 **Lágmarksbil milli mælipunkta.** Fjarlægð er reiknuð frá síðasta punkti sem teiknaður var. Ef þessi stærð er >0.0 er punktum sleppt í teikningu þangað til uppgefnu lágmarksbili er náð. Þetta er einkum notað þegar þéttiðin gögn eru teiknuð í litlum mælikvarða. Sjálfgefið: 0.0 m, þ.e. öll gögn eru teiknuð. Þegar *linur* eru teiknaðar er heppilegra að grisja áður en teikniforrit er keyrt t. d. með LAND (sjá kafla 7).
- 4 **Halla merkis og texta (Horn).** Sjálfgefna gildið 0.0 þýðir að merki snúa »rétt« þ.e. upp til norðurs og nöfn eru rituð til austurs (hvort tveggja miðað við LAMbert-hnit), ef ekkert eða 0 er gefið í gagnaskrá í sviði númer 9 (Horn, dálkar númer 53-57 í gagnaskrá, sjá kafla 3 og mynd 5). Gildi sem gefið er hér bætist við það gildi sem stendur í gagnaskránni. Pannig að ef t. d. er gefið upp 45 gráður eru nöfn skrifuð til suðausturs. – Ef gefin er upp stefnan 180 gráður, myndi nafn að óbreyttu skrifast til vesturs þ.e. á hvolfi. Þess í stað er nafnið ritað til austurs en í átt að punktinum.
- 5 **Mörkum fyrir X og/eða Y.** Þ.e. hámark og lágmark fyrir x og y. Þessi gildi ákveða ramma gagnanna sem teikna skal, í hnitudum á landi. Ef svarað er með <RET> fyrir x er ekki spurt um y. Pannig getur verið að þótt rammi sé viður í upphafi getur vilji verið fyrir því að takmarka teikningu við einhvern tiltekinn reit. Þetta er svo hægt að endurtaka svo oft sem verkast vill.
- 6 **Punktnafn (041:051) EKKI skráð.** Eftir að búið er að velja mælikvarða og legu myndar, er hægt að merkja *punkta* (*merki*, *linur*, *strik* o.s. *frv.*) með heiti því sem gefið er í hnitaskrá. Ef gefið er upp 6, birtist listinn óðara aftur en í glugganum efst á skjánum stendur nú: »*Punktnafn (041:051) skráð*« Meðan þetta er í gildi er ekkert gert annað en merkja heiti punktanna. Til þess að fara að teikna merki, *linur* o. þ.h. aftur er aftur valið 13 og og síðan 6. Nokkur munur er á því hvort verið er að merkja *punkta*, *merki*, *linur* eða *strik*. Ef *merki* eru merkt nafni, er fjarlægðin frá punkti að nafni háð hæð stafa og merkis, en ef *punktar* eru valdir er fjarlægðin aðeins háð hæð stafa. Ef *linur* eru merktar heiti er

fyrsti og síðsti punktur í hverri línu merktur. Auk nafnsins er númer línumannar gefið á eftir fyrsta punkti hverrar línu en á eftir síðasta punkti hverrar línu er númer skrárinnar í upptalningunni gefið líka. Ef strik er merkt er nafnið ritað í stefnu striksins, nema annað sé tekið fram.

- 7 *Kvarða og/eða legu myndar.* Nú er nánast eins og forritið sé keyrt að nýju. Spurt er um kvarða og legu o. s. frv. eins og í byrjun, nema sjálfgefin gildi fyrir hvað eina eru í samræmi við það sem síðast var notað.
- 8 *Línugerð (0).* Hægt er að breyta um línugerð. Þ. e. mismunandi brotnar línar, punktalínur o. þ. h. Sjálfgefna gildið 0 er heil lína. Þá birtist í glugganum: *Línug.: 1* (ef línugerð 1 hefur verið valin). Síðan eru allar línar teiknaðar þannig brotnar, þangað til aftur er valið 13 frá aðalvalmynd og línugerð breytt með því að velja 8 og velja síðan aðra línugerð.
- 9 *Hæð stafa. Sjálfgefið er 0.2 cm.* Þetta gildir fyrir punktnöfn, en auk þess hornpunktta og tölur við mælikvarða (sbr. lið 12 hér á eftir).
- 10 *Afstöðu texta.* Um þetta gildir allt það sama og sagt er í kafla 3 (svið númer 2). Í teikningu gildir afstaða sem gefin er upp hér nema annað sé tekið fram í gagnaskrá. Síðast nefnd afstaða gildir.
- 11 *Bil (merkjalína).* Merki teiknað með jöfnu millibili, og myndar þannig merkjalínu. (Sjá mynd 9). Byrja þarf á að athuga hvort stillingar eru eins og til er ætlazt. Millibilið og númer merkis ræðst af því sem stendur í glugga (*Bil (merkjalína)* og *Númer merkis*) þegar gögn eru lesin. Þannig að eftir að skrá hefur verið lesin er ekki hægt að breyta númeri merkisins sem á að nota í merkjalínuna, né bilinu milli þeirra nema hætta við teikninguna og lesa skrána inn aftur. Hins vegar gildir stærð merkis sem í gildi er þegar teiknað er.
- 12 *Sviði punktnafns í gagnaskrárlínu.* Sjálfgefið er að lesa punktnafn úr dálki 41 til og með 51. Hægt er að merkja hvaða hluta gagnaskrárlínunnar sem er sem punktnafn og línan getur mest innihaldið 200 stafi. Orðabil eru hreinsuð framan og aftan af »punktnafni«. Þannig má skilgreina hér t. d. 59-200, og er þá lesið úr aftasta hluta línumannar nöfn staða o. þ. h. sem hafa verið

slegið inn sér eða komið þangað á annan hátt.

<RET> *ENGU.* Engu breytt (frekar) og farið astur í aðalvalmynd.

## 6.2 Skýringar við aðalvalmynd

1	Punktar
2	Merki
3	Línur
4	Jökulrákir
5	Hnitakrossar
6	Reitir
7	Strik
8	Kembur
9	Drumlin
10	Sprengisnið
11	Merkjalína
12	Kvarði, rammi o.þ.h.
13	Breyta stillingum

Sjá auk þessa mynd 5 (form gagnaskráa).

- 1 *Punktar:* Penna drepið niður.
- 2 *Merki:* Merki númer 0 númer (ferningur) teiknað, nema öðru tveggja sé breytt: (a) Annað númer standi í dálki 3-5 í gagnaskrá, eða (b) sjálfgefnu númeri merkis hafi verið breytt. (Valið 13, sjá 6.1 *Stillingum* breytt hér á undan. Sjá gerðir merkja á mynd 13).
- 3 *Línur:* Dregin er lína milli punkta gagnaskrár. Til þess að slíta línumna er annað hvort sett 9 fremst í gagnaskrárlínu, eða hæðin (svið nr. 6 dálkur 32 til 40 sbr. mynd 5 gefin >9000.0 (t. d. 9999.).
- 4 *Jökulrákir:* (Forritið var upphaflega til þess arna). Teiknaður depill á uppgefnum stað og strik út frá honum í þá stefnu sem upp er gefin í sviði númer 9 (dálkur 53-57). Ef stefna er ekki gefin upp eða eitthvað annað en tala er í sviðinu, er punkti sleppt. Ef sama punktnafn er endurtekið er gert ráð fyrir því að um sé að ræða eldri stefnu og haki bætt við strikið. Ef A stendur í dálki 58, er haki sleppt.
- 5 *Hnitakrossar:* Spurt er: *Bil milli krossa (xbil, ybil í km <RET> = 16.00 , 10.00 km, -1 = Lesið úr skrá):* og síðan: *Fvermál krossa (í mm <RET> = 2.000 mm):* Sjálfgefna gildið gerir ráð fyrir að merkja krossa á hornum OS-korta, en þau eru 16 km að lengd og 10 að hæð. Svæðið sem

merkt er með hnitakrossum afmarkast af lámarks- og hámarksgildum sem í gildi eru fyrir x og y, en ef þau hafa ekki verið sett, er miðað við það svæði sem lesin gögn þekja.

- 6-10 *Reitir, strik, kembur, drumlin, sprengisnið:*  
Þetta á það sameiginlegt, að tveir og tveir punktar eiga saman. Fyrri punkturinn er auðkenndur í gagnaskrá með A síðast í punktnafni, en seinni punkturinn með B (sjá mynd 5 og kafla 3). Á mynd 12 er sýnt hvernig þetta kemur út.
- 11 *Merkjalína.* (mynd 9). Merkið, sem í gildi er þegar skrá er lesin inn, er teiknað með jöfnu bili. Bilið er gefið upp í glugganum efst á skjánum sem *Bil (merkjalína)*. Bil og númer merkis ákværðast af því sem í gildi er þegar skrá er lesin, en stærð merkisins er hægt að breyta áður en teiknað er. – Þetta hefur verið notað til að teikna ganga (merki nr. 0 með sama bili og stærð merkis t. d. 0.1 cm). Einnig misgengi (merki nr. 17 eða 18 og síðan er sama skrá teiknuð sem lína).
- 12 *Kvarði, rammi o.b.h.* Fyrst er spurt um ramma (þeir koma reyndar tæpast til greina, þegar AMS-kort eru notuð sem grunnur, þar sem blaðskiptingin er ekki sniðin að hnitakerfinu. Sjá 6.3 »Registrering«). Gefnir eru nokkrir kostir á ramma: 1 miðast við svæði sem fyrstu skrár, sem lesnar voru, þekja; 2 er miðað við lágmarks- og hámarksgildi fyrir x og y af öllu því sem lesið hefur verið; 3 gildandi mörk fyrir x og y og 4 annað. Þá er spurt um hvort merkja eigi hornpunktia (eins og gert hefur verið á mynd 1). – Ef kvarði er valinn er spurt um hvar hann á að koma miðað við hnit kortsins, lengd hans í cm og horn miðað við x-á hnitakerfis. Hæð stafa er sú sem upp er gefin í glugganum og hæð merkis ræður »þykkt« kvarðans. Sjálfgefið er að teikna kvarðann neðarlega fyrir miðju, þannig að með því að halda x gildinu en breyta y er hægt að flytja kvarðann upp eða niður en halda honum í miðju. Lengd kvarðans er í heilum km eða álíska afrúnnum stærðum, þannig að ef kvarði er afbrigðilegur er þessi sjálfgefna lengd það líka.
- 13 *Breyta stillingum.* Sjá »6.1 Stillingum breytt« hér á undan.


### 6.3 »Registrering«

Til þess að fella tölvuteiknuðu myndina að grunnkorti þarf að teikna eitthvað inn á myndina sem er jafnframt á grunnum. – Ef OS-kort eru notuð má nota *hnitakrossa* með 2 km millibili eða hornpunktia (*hnitakrossar* með bilinu 16 km í vestur og 10 km í norður). – Ef AMS grunnur er notaður eru hornpunktar kortanna notaðir í þessu skyni. Þeir eru geymdir í sérstakri skrá, sem heitir <VOD260.SV>AMS-HORN.LAM og eru í LAMbert-hnitum (umreiknuðum yfir í nýja landsnet).


Þá er valið *merki* og skrárnfnið gefið upp. Þá eru horn þeirra AMS-korta sem falla innan uppgefins ramma (lámarks- og hámarksgildi fyrir x og y) teiknuð sem krossar. Eins er hægt að teikna þessa sömu skrá sem *línur* (3 á valmynd, en þá eru teiknaðir rammar utan um hvert kortblað) eða *punktar* (1 á valmynd, en þá er penna aðeins drepið niður í hverjum punkti). Hér er eins gott að vera búinn að gefa upp einhver efri og neðri mörk fyrir x og y því að annars er teiknaranum sendir allir punktar sem liggja norðan og austan við suðvesturpunkt. Það gerist svo sem ekkert hættulegt en þetta tekur óþarflega langan tíma. (Kortin eru æði mörg og 4 horn á hverju korti og 4 punktar sendir teiknara fyrir hvern kross). Ef merkja á kortin með naðni má senda þessa sömu skrá í gegn sem *merki* og með stillinguna »*Punktnöfn skráða* í gildi. Þá er heiti kortsins skrifð innan í suðvesturhornið. Fjarlægðin frá horninu er  $\frac{1}{2}$  hæð\_merkis +  $\frac{1}{2}$  hæð\_stafa.

### 6.4 Nokkur dæmi


Á næstu 5 myndum eru nokkur dæmi um einfaldar teikningar. Gagnaskráin er sú sama í öllum tilvikum, en fjölbreytnin fengin með vali frá aðalvalmynd og á síðustu 2 myndunum með því að breyta stillingum.




Mynd 7: 2 (Merki). Sjálfgefið númer merkis er 0, en það er ferringur. Rammi teiknaður með því að velja 12 (Kvarði, rammi o. þ. h.). Að öðru leyti var forritið látið um að velja.




Mynd 10: Fyrst var stillingum breytt og númer merkis valið, 80 (sbr. mynd 13). Síðan valið 2 (Merki). Þá er stillingum astur breytt og punktnöfnin teiknuð. Þá er valið 12 (Kvarði, rammi o. þ. h.) og öllu svarað játandi (rammi, hornpunktar merktir og kvarði teiknaður).




Mynd 8: 3 (Lína). Allt sjálfgefið að öðru leyti.



Mynd 11: Þessi mynd er svipuð mynd 10, nema um leið og valið var að teikna punktnöfn, var halla merkis og texta breytt í 45 (sjálfgefið er 0). Síðan er kvarðinn teiknaður efst með því að breyta y-gildinu en láta x-gildið, sem boðið er upp á, haldast. Ennsfremur hafa hnítakrossar verið teiknaðir með 1 km millibili.



Mynd 9: 11 (Merkjalína). Ænn er sjálfgefið númer merkis (0 þ.e. ferringur), stærð (0.3 cm) og millibil (0.3 cm). Þar sem stærð merkis og millibil er það sama, teiknast merkin þétt saman (bilið reiknast frá miðju til miðju).



*Mynd 12: Punktapör, þar sem fyrri punktur er merktur A og seinni B í gagnaskrá, er hægt að teikna á 5 mismunandi vegu (reitir, strik, kembur, drumlin eða sprengisnið). Auk þess er ekkert sem kemur í veg fyrir að skrár af þessu tagi séu teiknaðar sem punktar, merki o. s. frv.*


## 7 ÝMIS FORRIT

Áður hafa verið nefnd forrit til að flytja úr einu hnítakerfi í annað (LAMGEO, GEOLAM, UTMGEO, GEOUTM, GAUGEO, GEOGAU, BOLGEO, GEOBOL, LINTRA öll eftir Gunnar Þorbergsson).

Til að grisja *línur* er hægt að nota forritið LAND (<VOD225.EXE>LAND). Það spyr um vegalengd sem má vera milli punkta sömu línu, vegalengd milli endapunkta lína (þ. e. yfir »slitpunkta«) og hve mikið flatarmál má skera burt. Einnig er spurt um hámark og lágmark fyrir x og y. Þetta forrit er notað á ýmsa vegu. (1) Fækka punktum í einstökum línum til að spara pláss og/eða til að teikning verði hreinni, en það getur orðið klessulegt þegar penni hreyfist mjög hægt vegna þéttleika punkta. Flatarmálsákvæðið kemur þarna að notum þannig að ef lína beygir mikið þannig að skikar fara að skerast af, er síðasti punktur, áður en hámarki þessa flatarmáls er náð, sendur í útskrána þótt lágmarksbili milli punkta sé ekki náð. (2) Hægt er að leita að punktum sem falla innan einhvers ákveðins reits. Þetta má nota annars vegar til að verða sér úti um skrá af

viðkomandi reit, en einnig til að finna afbrigðilega punkta.

Sprungurósir má teikna með forritinu ROS, sem Guðmundur Vigfússon hefur þróað. Sú útgáfa forritsins sem er inni á <VOD225.EXE>, tekur sams konar skrár og JOKTEI (fyrir *línur*).



*Mynd 13: Mismunandi gerðir merkja. Á þessari mynd er teiknaður punktur þar sem ekkert ákveðið merki er bundið við númerið (t. d. 28-32). Merkjum hefur fjölgarð smáam saman.*